



Íbúðalánasjóður

Viðskipti | mbl.is | 10.3.2009 | 19:14

Straumur ekki áhrif á íbúðalánasjóð

Íbúðalánasjóður hefur sent frá sér tilkynningu í tengslum við yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Straumi í gær þar sem fram kemur að fjárhagsleg staða sjóðsins verði ekki fyrir áhrifum frá yfirtökunni.

Í yfirlýsingunni segir:

„Yfirtaka Fjármálaeftirlitsins á Straumi í gær, mánudaginn 9. mars 2009, hefur ekki áhrif á fjárhagslega stöðu Íbúðalánasjóðs. Laust fé sjóðsins hefur einvörðungu verið ávaxtað á innlendum innlánsreikningum og með ríkisverðbréfum frá hruni bankanna í október síðastliðnum. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá þeim tíma, eru innstæður í íslenskum bankastofnunum tryggðar að fullu.

Samkvæmt neyðarlögum nr. 125/2008 eru innlán einnig forgangskröfur við gjaldþrotaskipti. Íbúðalánasjóði er, samkvæmt útgefinni áhættu- og fjárstýringarstefnu sjóðsins, skylt að hafa yfir að ráða lausu fé sem nemur að lágmarki áætluðum nettó útlánum í þrjá mánuði og afborgunum af lánum sjóðsins sex mánuði fram í tímann. Þetta fé nemur nú alls um fjörutíu milljörðum króna. Þetta lausafé ávaxtar Íbúðalánasjóður á innlánsreikningum hjá fjármálastofnunum, með ríkisverðbréfum eða í Seðlabanka Íslands. Hluti þessa fjár hefur verið ávaxtað í innlánum hjá Straumi. Með góðri lausafjárstöðu Íbúðalánasjóðs er tryggt að hann geti veitt lán til íbúðarkaupenda og mætt afborgunum af skuldum sínum í ákveðinn tíma án þess að þurfa að sækja nýtt lánsfé út á markaðinn.“